

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 49,67 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 113,04 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

C. Vatnsgjald kr. 7,13 pr. m³.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranalögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A		1.00/1.0
B		0.95/1.3
C		0.90/1.7
D		0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4.gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands í Húsavík. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

- a) Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.

Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 10 800,00.

Hús 300—2 000 m³ að utanmáli kr. 10 800,00 fyrir 300 m³ og 12,00 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli kr. 30 630,00 fyrir 2 000 m³ og 9,00 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.

- b. Fyrir önnur hús.

Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 15 490,00.

Hús 300—2 000 m³ að utanmáli kr. 15 490 fyrir 300 m³ og 14,00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli kr. 39 290,00 fyrir 2 000 m³ og 12,00 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðalrennslisheilm umfram einn á sama inntaki er kr. 1 640,00.

8. gr.

Gjöld svk. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1140 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 90,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 437/1982 og birtist til eftirreynni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 295, 24. maí 1982.

Iðnaðarráðuneytið 18. ágúst 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.